

SMIÐJUR Í 8. BEKK 2022-2023

Þetta valhefti er fyrir nemendur sem verða í 8. bekk næsta vetur. Eftir því sem nemendur eldast er lögð áhersla á að auka val í samræmi við þroska þeirra og getu. Þannig gefst nemendum kostur á að dýpka skilning sinn á ákveðnum viðfangsefnum um leið og þeir efla ábyrgð sína á eigin námi. Þeir og foreldrar þeirra eru því beðnir að kynna sér vel innihald bæklingansins.

Smiðja í 8. bekk

7. og 8. bekkingar eru í sex smiðjutímum á viku. Hver smiðja stendur í 8 – 9 vikur og komast nemendur því í fjórar smiðjur yfir veturinn. Í boði verða heimilisfræði, leiklist, myndlist, smíðar, textílmennt og FabLab. Hér á eftir fylgir nánari lýsing á því sem er í boði í hverri smiðju og eru nemendur beðnir að velja þær fjórar smiðjur sem þeir kjósa helst og eina til vara því hugsanlegt er að einhverjir fái ekki allar þær smiðjur sem þeir óskuðu helst eftir.

Smiðjur

Heimilisfræði



Í heimilisfræði verður lögð áhersla á að fræðast um fjölbreytt mataræði og mismunandi matarmenningu. Nemendur fá einnig að koma með uppskriftir að heiman sem hægt er að vinna úr.

Leiklist - Árshátíð


Í leiklist í haust verður unnið að setja upp söngleik fyrir Árshátíð Grunnskóla Hornafjarðar. Hér er tækifæri til þess að kynnst þáttum leikhúsvinnunnar. Þessa smiðju geta þeir valið sem hafa áhuga á tæknivinnu, svo sem ljósum o.fl..



Leiklist

Í þessari smiðju kynnst nemendur grunnatriðum í leiklist. Unnið verður með ímyndunaraflið, spuna, líkamstjáningu og rödd.

Smiðjur



Textílmennt

Í þessari smiðju verður farið í verkefni sem tengjast textíl.

Hægt verður að búa til fjölbreytt verkefni þar sem hugmyndaflugið fær að njóta sín. Bæði verður um skylduverkefni og valverkefni að ræða.

Myndlist

Unnið er með gifs og leir auk þess sem unnið er á fjölbreyttan hátt með grunnþætti myndlistar, formfræði, litufræði og myndbyggingu. Myndir eru unnar í tengslum við umfjallanir um íslenska og erlenda listamenn en áhersla er á að nemendur hafi gaman af myndsköpuninni og vinni með sínar sterku hliðar.

Sköpunargáfan fær að njóta sín og unnið er með hugmyndir nemenda. Nemendur safna verkum sínum í möppu og fara með heim að skólaárinu loknu.



Smíðjær

Smíðar

Ýmis vinna í smíðastofunni þar sem sköpunarkrafturinn fær að njóta sín með aðstoð smíðakennara.



Fab - Lab

Námskeiðið byggist á því að nemendur geti nýtt sér helstu tæki og áhöld sem notuð eru í Fab-Lab. Geti þróað hugmyndir sínar sjálfstætt og undir leiðsögn kennara og nýti sér vinnuferlið frá hugmynd til afurðar með því að hanna og teikna og að lokum framleiða sína eigin afurð.



Valblað

Nafn: _____

bekkur: _____

Nú átt þú að velja þér þær fjórar smiðjur sem þú helst vilt fara í með því að merkja frá einum og upp í fjóra. Þú þarft einnig að velja á milli þeirra þriggja smiðja sem eftir standa og merktu 5 við þá sem þú vilt frekar því hugsanlega getur svo farið að einhverjir fái ekki allar smiðjurnar sem þeir óskuðu eftir. Merktu frá 1 – 5.

- | | |
|---------------------|-----|
| Heimilisfræði | () |
| Myndlist | () |
| Smíðar | () |
| Textíl | () |
| Leiklist – árshátíð | () |
| Leiklist | () |
| Fab-Lab | () |

Ath. Við skólasetningu verður þér gefinn kostur á að sjá í hvaða vali þú hefur lent. Ef þér þykir eitthvað athugavert við það mátt þú koma með foreldrum þínum og ræða breytingar. Eftir það verður ekki hægt að breyta.

Ef einhverjar spurningar vakna varðandi valið þá vinsamlegast hafið samband við Eygló.

Vinsamlegast skilið valblaðinu fyrir 6. maí 2022